

Lög

Nr. 3.
27. jan.

um

kaup á eimskipum til vöruflutninga milli Íslands og útlanda.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa eimskip eftir þörfum til vöruflutninga milli Íslands og útlanda og taka lán í því skyni, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipanna skal veita í fjárlögunum eða fjáráukalögum, enda renni allar tekjur þeirra í landssjóð.

3. gr.

Landsstjórnin ræður farstjórn skipanna, og annast farstjórnin ráðningu yfirmanna þeirra og útvegjar afgreiðslumenn á þeim höfnum, er þau koma á.

4. gr.

Landsstjórnin ákveður farmgjöld eftir tillögum farstjórnar.

5. gr.

Farstjórnin skal halda nákvæma reikninga yfir öll útgjöld og allar tekjur skipanna og rita þá í bók, er landsstjórnin löggildir til þess. Fyrir marsmánaðarlok ár hvert skal farstjórnin hafa sent landsstjórninni nákvæma reikninga, með fylgiskjölum, fyrir næstliðið almanaksár, og sýni þeir glögglega allan fjárhag skipaútgerðarinnar. Reikningar þessir skulu endurskoðaðir á skrifstofu þeirri í ráðuneyti Íslands, er samgöngumálin heyra undir. Úrskurðar landsstjórnin reikningana.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 27. janúar 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.